

- c) Þegar um er að ræða þylur:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 27 Airworthiness Standards: Normal Category Rotorcraft, og
- d) Önnur hönnunarákvæði sem Flugmálastjórn samþykkir til flokkunar eftir prófun í sérhverju tilviki.

4.1.3 Undir „sérflokk“ falla loftför, sem

- a) Ekki eru álitin fullnægja alveg hönnunarkröfum um lofthæfi, skv. ákvæðum sem fram koma í 4.1.1 og 4.1.2, en hafa með því að fullnægja fastákveðnum eða sérstaklega viðurkenndum lofthæfiskröfum, sem settar eru af Flugmálastjórn, náð fullnægjandi lofthæfi með hliðsjón af notkuninni, eða sem
- b) hafa áður verið skráð í öðrum deildum en eru starfrækt við önnur skilyrði (álag, umhverfi m.m.) en þau sem upphaflega voru lögð til grundvallar við skráningu.

Þær takmarkanir á notkunarviði loftfars, sem ákveðnar eru í hlutaðeigandi tilviki, skal færa inn í flughandbók loffarsins og/eða eru hluti af rekstrarfyrirmælum þess.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1994.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

10. febrúar 1994

Nr. 79

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir			Sorphirðugjald	kr.	4 450
B) Fyrirtæki	flokkur	a)	Sorpeyðingargjald	“	4 450
	“	b)	“	“	13 350
	“	c)	“	“	22 250
	“	d)	“	“	53 400
	“	e)	“	“	111 250
	“	f)	“	“	222 500
	“	g)	“	“	249 200

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir,

GJALDSKRÁ**fyrir sorphirðu á Dalvík árið 1994.**

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbæjar. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir í þéttbýli		sorphirðugjald	kr.	5 000	
B)	Fyrirtæki					
	Flokkur 1	sorphreinsigjald	kr.	250 000 og sorpeyðingargjald	kr.	100 000
	" 2	"	"	100 000 og "	"	80 000
	" 3			sorphirðugjald	kr.	60 000
	" 4			"	"	40 000
	" 5			"	"	20 000
	" 6			"	"	10 000
	" 7			"	"	5 000
C)	Íbúðir í dreifbýli og sumarhús		sorphirðugjald	"	5 000	

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

Fyrirtækjum í 1. og 2. flokki er heimilt að sjá um flutning á sorpi sínu sjálf á urðunarstað gegn því að leggja fram fullnægjandi göng um þann flutning. Bæjarráð Dalvíkur getur þá fellt niður sorphreinsigjald þessara fyrirtækja.

Fyrirtækjum í flokkum 3 - 7 er heimilt að nota gámasvæði bæjarins og verður álagt gjald þeirra ekki fellt niður.

Hvað förgun á timbri, brotajárni og öðrum úrgangi varðar skal leita umsagnar verkstjóra Dalvíkurbæjar hverju sinni.